ERLE2HM05

Búið til: *Tue, 14 Oct 2025 13:54:24 GMT*

Titill
Að brúa huga og menningu gegnum sögur
Skammstöfun
ERLE2HM05
Útgáfunúmer
12
Námsgrein
erlend samskipti
Viðfangsefni
Hugur og menning
Staða
Samþykkt af skóla
Þrep
2
Einingafjöldi
5
Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla
Lýsing
Áfanginn er erlent samstarfsverkefni sem leggur áherslu á andlega vellíðan, tjáningu og gagnrýna hugsun nemenda í stafrænum heimi. Verkefnið tengir saman menningu, listir, útivist og skrif sem leið til að efla andlega vellíðan á skapandi og fjölbreyttan hátt.
Forkröfur
Þekkingarviðmið
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi andlegrar vellíðunar í námi og daglegu lífi
- hlutverki lista, menningar og skapandi tjáningar
- tjáningu og gagnrýninni hugsun í fjölmenningarlegu samhengi
- lausnum til að bæta andlega heilsu og vellíðan
- mismunandi menningarheimum

Leikniviðmið
Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota ritun sem tjáningarform og verkfæri til að vinna með tilfinningar
- vinna á skapandi hátt með menningarlegar og listrænar aðferðir
- taka þátt í samvinnuverkefnum þvert á landamæri og menningarheima
- nýta náttúruna og útivist sem leið til að bæta andlega vellíðan
- ræða og rökstyðja mikilvægi andlegrar heilsu og gagnrýninnar hugsunar í samtímanum

Hæfniviðmið
Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- stuðla að eigin vellíðan og annarra á skapandi hátt
- tengja menningu, listir og sjálfstjáningu við geðheilbrigði
- taka virkan þátt í fjölmenningarlegri samvinnu og sýna skilning á ólíkum menningarlegum sjónarhornum
- sýna ábyrgð í eigin umgengni við menningararf og listræna sköpun
- taka þátt í nýsköpun sem leiðir til aukinnar vellíðanar í samfélaginu

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og því er mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd